



Atvinnustefna Langanesbyggðar 2025-2030

ásamt aðgerðaráætlun 2025-2028

September 2025






Framtíðarsýn


„Langanesbyggð hefur það að markmiði að verða öflugt og eftirsóknarvert samfélag þar sem nýsköpun, náttúra, fjölbreytt atvinnustarfsemi og skemmtilegt mannlíf mætast. Ónýtt tækifæri leynast víða, svo sem í landbúnaði, ferðaþjónustu, menningu og orkumálum.“

Atvinnustefna
Langanesbyggðar



SAMFÉLAG OG ATVINNULÍF

ÍBÚAFJÖLDI






KYNJASKIPTING
55% karlar, 45% konur



ALDUR
68% íbúa eru 18-67 ára
Meðalaldur er 41 árs

STÆRSTU ATVINNUVEGIR Í LANGANESBYGGÐ

- hlutdeild greina í atvinnutekjum árið 2023



47%

Sjávarútvegur
fiskveiðar og vinnsla



29%

Opinber þjónusta
*stjórnsýsla, fræðsla,
heilbrigðis- og félagsþjónusta*




7%

Verslun
*verslun og
viðgerðir á ökutækjum*

ATVINNUTEKJUR 2024

- vegið meðaltal einstaklinga í þús.kr.



ATVINNUSTEFNA LANGANESBYGGÐAR

TÆKIFÆRIN HEIMA

01

02

FULL AF ORKU

03

FERÐAÞJÓNUSTA DAFNAR

04

VEL TENGD

05

MATVÆLI FRAMTÍÐAR &
GRÆNN IÐNAÐUR

06


FJÖRLEG SVEIT

07

STARFANDI VIÐ MENNINGU

08

FÆR Í FRAMKVÆMDIR



TÆKIFÆRIN HEIMA

Ungt fólk í
Langanesbyggð er
drifkraftur samfélagsins




ATVINNUSTEFNA
LANGANESBYGGÐAR

ÁHERSLUR

1. Stuðla að jákvæðari sýn ungmenna á tækifæri í heimabyggð og efla tengsl þeirra við samfélagið.
2. Þróa samvinnu milli atvinnulífs og skóla þar sem nemendur kynnast atvinnulífinu og atvinnulífið nemendum.
3. Hvetja ungmenni til nýsköpunarhugsunar og auka þannig grósku- og frumkvöðlastarf í Langanesbyggð.
4. Örva blómlega byggð í öllu sveitarfélaginu.





ÁHERSLUR

1. Uppbygging flutningskerfis raforku verði forgangsverkefni hjá stjórnvöldum og undirstofnunum stjórnvalda, með tilliti til byggðasjónarmiða, orkuskipta og orkuöryggis.
2. Nýta í meira mæli græna orku á staðnum, s.s. jarðhita, vindorku, sólarorku, eða vatnsorku.
3. Stuðla að víðtækri innleiðingu þekktra lausna í orkusparnaði fyrir heimilin.

FULL AF ORKU

Tryggjum orkuöryggi og aðgengi að orku fyrir vaxandi samfélag, heimili og atvinnulíf



FERÐAÞJÓNUSTAN DAFNAR

Langanesbyggð er einstakur og spennandi áfangastaður fyrir ferðafólk

ÁHERSLUR

1. Byggja upp innviði áfangastaða til að bæta upplifun, öryggi og aðgengi að upplifun.
2. Markaðssetja sérstöðu Langanesbyggðar og auka sýnileika svæðisins.
3. Stofnun þjóðgarðs á Langanesi.
4. Örva frumkvöðlastarf og nýsköpun innan ferðaþjónustunnar, til að skapa fjölbreyttari afþreyingu og þjónustu.

VÍÐÁTTA

FRÍÐSÆLD

OPIÐ HAF

ÓSTNORTIN
NÁTTÚRA






ÁHERSLUR

1. Tryggja áframhaldandi þróun flugsamgangna, svo þær megi sem best þjóna bæði atvinnulífi og íbúum.
2. Vinna heildstæða framtíðaráætlun hafna innan Langanesbyggðar, með þarfir sjávarútvegs, iðnaðar og ferðaþjónustu í huga.
3. Móta stefnu um æskilegar vegaframkvæmdir og vetrarþjónustu, í takt við þarfir atvinnulífs.
4. Fylgja eftir stefnumörkun um uppbyggingu við Finna fjörð og útfæra næstu skref.

VEL TENGD


Góðir samgönguinnviðir
þjóna öflugu atvinnulífi,
með hagkvæmum
vöruflutningum og
styttri flutningsleiðum





ÁHERSLUR

1. Taka þátt í þróun verkefna sem laða að grænan iðnað og hafa hringrásarhugsun að leiðarljósi.
2. Styðja við nýsköpunarverkefni í matvælaframleiðslu, sem stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og fullvinnslu afurða.
3. Auka samstarf milli fyrirtækja í ferðapjónustu og fyrirtækja sem framleiða matvörur, til að auðvelda þeim sameiginlega markaðssetningu sem og þróun í svæðisbundinni matargerð, matvælaframleiðslu og matartengdri ferðapjónustu



MATVÆLI FRAMTÍÐAR & GRÆNN IÐNAÐUR

Eflum nýsköpun og þróun, með áherslu á á að nýta alla hliðarstrauma og flétta þá inn í nýja verðmætasköpun



FJÖRLEG SVEIT

Framsækinn
landbúnaður er
hornsteinninn samfélagsins

ÁHERSLUR

1. Styðja við menntunar- og fræðslustarf, til að auka framleiðni og byggja upp nýjar búgreinar.
2. Taka virkan þátt í hagsmunagæslu og tala fyrir jákvæðum breytingum á stuðningskerfi íslensks landbúnaðar.
3. Auka nýliðun bænda á svæðinu.






ÁHERSLUR

1. Fjölga menningartengdum verkefnum og störfum, sem draga fram svæðisbundinn menningararf.
2. Efla og styrkja starfsemi listamanna, handverksfólks og skapandi greina með styrkjum, aðstöðu og samstarfsverkefnum.
3. Efla skapandi starf ungmenna, með virkri þátttöku fyrirtækja, menningar- og menntastofnana.

STARFANDI VIÐ MENNINGU

Skapandi umhverfi fyrir skapandi vinnu og menningartengda atvinnustarfsemi




FÆR Í FRAMKVÆMDIR

Leggjum grunn að
uppbyggingu til framtíðar



ÁHERSLUR



1. Hvetja til nýbyggingar í sveitarfélaginu í samstarfi við húsnæðisfélög og verktaka.
2. Auka framboð leiguhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis.
3. Langanesbyggð er eftirsóknarvert atvinnusvæði sem laðar til sín iðnaðarmenn og fagfólk sem vill starfa hér til framtíðar.




FÆR Í FRAMKVÆMDIR


Leggjum grunn að
uppbyggingu til framtíðar



ÁHERSLUR



1. Hvetja til nýbyggingar í sveitarfélaginu í samstarfi við húsnæðisfélög og verktaka.
2. Auka framboð leiguhúsnæðis og atvinnuhúsnæðis.
3. Langanesbyggð er eftirsóknarvert atvinnusvæði sem laðar til sín iðnaðarmenn og fagfólk sem vill starfa hér til framtíðar.



AÐGERÐIR 2025-2028

Tækifærin heima

Full af orku

Vel tengd

**Ferðapjónustan
dafnar**

**Matvæli framtíðar &
grænn iðnaður**

Fjörleg sveit

Fær í framkvæmdir

**Starfandi við
menningu**



Tækifærin heima



Markmið

Hvetja ungt fólk til að hugsa um heimabyggð sína út frá þeim atvinnutækifærum sem þar bjóðast.



Verkefni

1. **Samstarfsverkefni skóla og atvinnulífs.** Kistan tengir saman skóla og atvinnulíf með sameiginlegu verkefni sem snýr að því að ungmennin þekki sitt heimahérað, og kynnist fjölbreyttum tækifærum til menntunar og atvinnu á svæðinu.
2. Menntastefna Langanesbyggðar taki mið af því að **efla tengsl leik- og grunnskólabarna við samfélagið.**



Ábyrgðar- aðili

1. Kistan / Grunnskólinn
2. Velferðar- og fræðslunefnd

Aðlaðandi samveru- og viðburðasvæði.

1. **Hugmyndasamkeppni fyrir lystigarðinn, Þórshöfn.** Fegrun og uppbygging svo svæðið megi betur nýtast fyrir alls kyns samkomur og viðburðahald.
2. Áframhaldandi vinna við uppbyggingu og **fegrun Hafnartangans á Bakkafirði.** Skipulags og umhverfisnefnd þróar áfram hugmyndir og setur fram tímasettar og kostnaðarmetnar aðgerðir.

1. Umhverfis- og skipulagsnefnd
2. Samfélagsfulltrúi Bakkafjarðar í samvinnu við Umhverfis- og skipulagsnefnd

Virkja Kistuna og Höfn sem líflega samkomustaði íbúa og atvinnulífs.

1. Flytja **Bókasafn Langanesbyggðar** á efri hæð Kistunnar.
2. **Reglulegir viðburðir** fyrir íbúa í Kistunni og Höfn.

1. Sveitarstjóri
2. Samfélagsfulltrúi á Bakkafirði og Verkefnastjóri Kistunnar

Örva blómlega byggð í öllu sveitarfélaginu.

1. Nýta ýmis **verkfæri byggðaáætlunar** og aðgerðir, svo og styrki úr öðrum áætlunum og sjóðum í þágu dreifbýlisins og samfélagsins við Bakkaflóa. Veita íbúum og fyrirtækjum **stuðning, t.a.m. við styrkumsóknir.**
2. Vinna að því að koma upp **starfsstöð náttúrurannsóknna** á Bakkafirði.

1. Samfélagsfulltrúi Bakkafjarðar og Verkefnastjóri Kistunnar
2. Samfélagsfulltrúi Bakkafjarðar




Full af orku



Markmið

Tryggja aukna flutningsgetu raforku inn á svæðið

- 1. Fylgja eftir skýrslu Landsnets og RARIK, um **uppbyggingu flutningskerfis á Norðausturhorni**, með öflugri hagsmunagæslu.
- 2. Kanna grundvöll fyrir **stofnun hagsmunasamtaka** íbúa og/eða fyrirtækja, t.d. eftir fyrirmynd Innviðafjelags Vestfjarða.



Verkefni



Ábyrgðar-
aðili

- 1. Sveitarstjóri
- 2. Sveitarstjóri

Stuðla að aukinni orkuframleiðslu á svæðinu

- 1. **Kortleggja jarðhitamöguleika** og aðra virkjanakosti, og stuðla að nýtingu þeirra.

- 1. Sveitarstjóri

Markviss varmadæluvæðing heimila

- 1. Skoða fýsileika þess að **varmadæluvæða öll heimili** innan sveitarfélagsins, með eða án jarðvarma.

- 1. Sveitarstjóri og Atvinnu- og nýsköpunarnefnd

Orkuskipti í samgöngum

- 1. Greiða fyrir **orkuskiptum á sjó og á landi**, t.d. með uppbyggingu innviða.
- 2. Fara fram með góðu fordæmi og horfa til **orkuskipta í öllum tækjakaupum**.

- 1. Sveitarstjórn
- 2. Sveitarstjóri og deildarstjórar

Ferðajónustan dafnar



Markmið

Efla áfangastaði ferðamanna

1. Sækja styrki og setja fjármagn í þau verkefni á svæðinu sem eru skilgreind í áfangastaðaáætlun Norðurlands hverju sinni. Sveitarstjórn og fagráð taka þátt í að móta skýra stefnu um uppbyggingu áfangastaða, og velja áhersluverkefni.



Verkefni

1. Verkefnastjóri Kistunnar og Samfélagsfulltrúi Bakkafjarðar



Ábyrgðar-
aðili

Markaðsátak

- 1. **Markaðssetja svæðið** fyrir ferðajónustu, atvinnuþróun og til búsetu. Sveitarfélagið býr til **kynningarefni í formi margmiðlunarefnis**.
- 2. **Kynna fjárfestingartækifæri**, s.s. möguleikann til hótéluppbyggingar

1. Verkefnastjóri Kistunnar
2. Sveitarstjóri og verkefnastjóri Kistunnar

Stofnun þjóðgarðs á utanverðu Langanesi

- 1. Áfram unnið að undirbúningi **stofnun þjóðgarðs** á utanverðu Langanesi.

1. Umhverfisfulltrúi

Ferðajónustuhraðlar og vinnustofur

- 1. Skipuleggja vinnustofur og **svæðisbundna viðskiptahraðla** sem hvetja til nýsköpunar á sviði ferðajónustu, styrkja stoðir nýrra fyrirtækja, og fjölga afþreyingarmöguleikum.

1. Verkefnastjóri Kistunnar

Vel tengd



Markmið

Standa vörð um flugsamgöngur

- 1. Eiga í virku samtali við Vegagerð og við Isavia varðandi **fyrirkomulag flugs og útboða**, með hagsmuni íbúa að leiðarljósi
- 2. Halda **reglulegar íbúakannanir** til að meta þarfir og ánægju í tengslum við flugsamgöngur.



Verkefni



Ábyrgðar-
aðili

- 1. Sveitarstjóri
- 2. Verkefnastjóri Kistunnar

Framtíðaráætlun Langanesbyggðarhafna

- 1. Vinna að **framtíðaráætlun hafna** innan Langanesbyggðar, í samráði við atvinnulíf og samhliða aðalskipulagsvinnu.
- 2. Vinna **stefnu í móttöku skemmtiferðaskipa**.

- 1. Sveitarstjóri og Hafnarnefnd
- 2. Sveitarstjóri og nefndir

Stefna sveitarfélagsins varðandi vegaframkvæmdir og vetrarþjónustu

- 1. Að sveitarfélagið marki sér **stefnu um þær framkvæmdir og þá þjónustu sem óskað er eftir frá Vegagerð** og haldi þeim áherslum á lofti gagnvart Vegagerðinni. Ef til vill unnið í samstarfi við ný samtök um uppbyggingu innviða, verði þau stofnuð.

- 1. Sveitarstjóri

Uppbygging í Finnafirði

- 1. Vinna eftir stefnumótunarskjali sveitarstjórnar Langanesbyggðar sem snýr að **uppbyggingu hafnar í Finnafirði**, í gegnum hafnarsamlagið FFPA. Uppfæra aðgerðir, eftir því sem tilefni og nauðsyn ber til.

- 1. Sveitarstjóri og Hafnarnefnd

Matvæli framtíðar og grænn iðnaður



Markmið



Verkefni



Ábyrgðar-
aðili

Þróunarverkefni í hringrásarhugsun

1. **Þróunarverkefni í skilvirkri úrgangsstjórnun**, til að skapa hagræna hvata og betri skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis.

1. Umhverfisfulltrúi

Nýsköpunarverkefni í matvælaframleiðslu

1. Fjölga verkefnum sem lúta t.a.m. að fullvinnslu og framleiðslu hliðarafurða. Standa að **kynningum og námskeiðum sem ýta undir frumkvöðlahugsun**, og leiðbeina einstaklingum og fyrirtækjum með styrkumsóknir.

2. Ýta undir **sókn í styrki, með leiðbeiningum, aðstoð og kynningu**.

1. Verkefnastjóri Kistunnar
2. Verkefnastjóri Kistunnar

Uppbygging græns iðnaðar í Finnafirði

1. Áframhaldandi þátttaka í þróunarfélaginu FFPD, í samræmi við stefnumótunarskjali sveitarstjórnar Langanesbyggðar um **uppbyggingu í Finnafirði**.

1. Sveitarstjóri

Svæðisbundin matargerð og matartengd ferðaþjónusta

1. Halda vinnustofur og námskeið sem stuðla að samstarfi ferða- og matvælafyrirtækja í markaðssetningu og **þróun svæðisbundinnar matarmenningar og matartengdrar ferðaþjónustu**.


2. Hefja undirbúningsvinnu sem miðar að því að **skapa vottað vinnslurými** fyrir smáframleiðendur, sem hentar til þróunar, nýsköpunar og framleiðslu.

1. Verkefnastjóri Kistunnar

Fjörleg sveit



Markmið



Verkefni



Ábyrgðar- aðili

Virk hagsmunagæsla

1. Hafa jákvæð áhrif á **stefnumótun og stefnuframkvæmd í landbúnaði**, einkum og sér í lagi þegar kemur að mótun og eftirfylgni búvörusamninga.
2. Tala fyrir **sérstökum svæðisbundnum stuðningi**, og stuðla þannig að byggðafestu ásamt því að **efla sjálfbæra nýtingu lands og náttúruauðlinda**.

1. Sveitarstjóri og Landbúnaðarnefnd
2. Sveitarstjóri í samráði við
Búnaðarsamband
Norður-Þingeyinga

Aðstoða við nýliðun í landbúnaði

1. Aðstoð við nýliðun í landbúnaði með því að **nýta jarðir í eigu sveitarfélags, ríkis eða kirkju, til landbúnaðar**.

1. Jarðasjóður og sveitarstjóri

Efling menntunar og fræðslustarfs í landbúnaði.

1. Hafa frumkvæði að því að fá inn á svæðið námskeið og **fyrirlestra, í þeim tilgangi að auka framleiðni og byggja upp nýjar búgreinar**.

1. Verkefnastjóri Kistunnar

Starfandi við menningu



Markmið

Fjölga menningartengdum viðburðum

1. **Styrkja samfélagssjóð Langanesbyggðar** og útfæra hann á notendavænan hátt.

2. Halda einn öflugan **viðburð** á tímabilinu, sem tengist nýsköpun í menningu og er jafnframt **uppskeruhátíð menningarstarfs á svæðinu**.

1. Sveitarstjórn
2. Verkefnastjóri Kistunnar



Verkefni



Ábyrgðar-
aðili

Fjölga menningartengdum störfum

1. **Efla verkefnið Skapandi sumarstörf** með fastri fjárveitingu ár hvert.

1. Sveitarstjórn

Skapandi rými

1. **Skapa aðstöðu á svæðinu** fyrir listafólk að vinna að sínum verkefnum og koma þeim á framfæri.

1. Sveitarstjórn

Efla sköpun ungs fólks

1. Hvetja ungmenni til skapandi gjörninga, t.d. með **menningartengdum námskeiðum** sem haldin eru í samstarfi við atvinnulífið og skóla.

1. Verkefnastjóri Kistunnar í samvinnu við skólana

Fær í framkvæmdir



Markmið

Lóðir án endurgjalds

1. Horfa til þess í skipulagi að hægt sé að **veita afslátt eða fella niður gatnagerðargjöld**, til að ýta undir nýframkvæmdir.

1. **Yfirlit lausra lóða** sé sýnilegt og aðgengilegt fyrir íbúa.



Verkefni



Ábyrgðar-
aðili

1. Sveitarstjóri og Umhverfis- og skipulagsnefnd
2. Sveitarstjóri og Umhverfis- og skipulagsnefnd

Fjölgun leiguíbúða

1. Halda áfram **samstarfi við leigufélög** til að efla leigumarkað.

2. Hvatningaráta til húseigenda á svæðinu að **leigja út tóm íbúðarhúsnæði**.

1. Sveitarstjóri
2. Sveitarstjórn

Stofna iðnaðarmannaklasa


1. Styðja við **stofnun iðnaðarmannaklasa**, til þess að auðvelda einyrkjum og minni fyrirtækjum að starfrækja sína þjónustu á svæðinu.

1. Verkefnastjóri Kistunnar með ráðgjöf og annarri aðstoð

Móttökuáætlun fyrir nýbúa

1. **Aðstoð og upplýsingagjöf til nýrra íbúa** til að aðlagast í nýju samfélagi. Upplýsingum miðlað á aðgengilegan hátt, allt á einum stað. Móttökufulltrúi skipaður og **móttökubréf sent til nýrra íbúa**.

1. Skrifstofa Langanesbyggðar



ATVINNUSTEFNA LANGANESBYGGÐAR




+354 468 1220



langanesbyggd@langanesbyggd.is



www.langanesbyggd.is



Tímalína atvinnustefnu 2025

Janúar-mars 2025

11. mars 2025

30. apríl 2025

28. maí 2025

SAMANTEKT Á GÖGNUM

SVÓT greining 2019
Samfélagssáttmáli Bakkafjarðar
Landbúnaðargreining 2023
Fjárfestingar í LNB 2024
Áfangastaðaáætlun
Norðurhjarasvæðisins 2024
Byggðabragur unga fólksins 2025

FYRIRTÆKJAÞING

Framtíðarsýn, áherslur
og aðgerðir

FRUMDRÖG

Beinagrind af
atvinnustefnu kynnt fyrir
byggðaráði

SAMRÁÐSFUNDUR

Drög að stefnu kynnt á
opnum fundi með íbúum,
nefndum og sveitarstjórn

Október 2025

September 2025

Júní 2025

FJÁRHAGSÁÆTLUN

Fjárhagsáætlunarvinna
tekur mið af
atvinnustefnu og þeim
aðgerðum sem þar eru
settar fram

ATVINNUSTEFNA SAMÞYKKT

Atvinnustefna samþykkt,
ásamt þeim aðgerðum
sem þar eru settar fram.

AÐGERÐARÁÆTLUN

Vinnufundur með
sveitarstjórn til að fara
yfir drög að
aðgerðaráætlun og
framkvæmd hennar



ATVINNUSTEFNA
LANGANESBYGGÐAR